



Fjárlaganefnd Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 16. nóvember 2020
Tilv.: FOR20110071/3.2

Efni: Staða Samtakanna 78.

Vísað er til bréfs fjárlaganefndar til forsætisráðuneytis þar sem óskað er umsagnar um styrkbeiðni Samtakanna '78, dags. 30. okt 2020 til fjárlaganefndar Alþingis.

Forsætisráðuneytið hefur á undanförunum tveimur árum gert samstarfssamning við Samtökin '78 um fræðslu og ráðgjöf og hefur sammingsupphæð verið 15 milljónir árlega. Markmið sammingsins skv. 2. grein hans er að; standa fyrir fræðslu um málefni hinsegin fólks sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem sinna þjónustu við almenning ss. starfsfólk opinberrar þjónustu og skóla, að standa fyrir árlegum samráðsfundum með kennurum sem kenna kynja, jafnréttis og hinsegin fræði á öllu skólastigum, að sinna ráðgjöf og hafa umsjón með stuðningshópum sem ætlað er að tryggja hinsegin fólki og aðstandendum ýmiss konar ráðgjöf, auk annarra skilgreindra markmiða í samningnum. Forsætisráðuneytið fylgist með framfylgd samstarfssamnings og fær reglulega skýrslur um framfylgd, auk þess að funda reglulega með fulltrúum Samtakanna '78 um ýmis mál tengd samningnum

Fram til ársins 2006 voru fjárframlög til Samtakanna '78 um sex til sjö milljónir en með auknum verkefnum hafa framlögin hækkað, eins og að framan er getið. Það er ljóst að Samtökin 78 hafa vaxið mjög að umfangi síðustu ár og er þjónusta þess nauðsynleg fyrir viðkvæman hóp í samfélaginu. Forsætisráðuneytið telur mikilvægt að fjárlaganefnd horfi til aukinna verkefna Samtakanna 78 og komi til móts við erindi Samtakanna, telji nefndin svigrúm til þess.

Fyrir hönd ráðherra

Bryndís Hlöðversdóttir